

# Aðalfundur Veiðifélags Jökulsár á Dal 2015 haldinn á Skjöldólfsstöðum, 11. apríl kl. 14.

## Dagskrá:

1. Erindi Prastar Elliðasonar, fyrirsvarsmanns Strengja ehf. leigutaka.
2. Erindi Guðna Guðbergssonar, verkefnisstjóri hjá Veiðimálastofnun.
3. Erindi Guðmundar Wium Stefánssonar, stjórnarmanns í Landsamtökum veiðifélaga
4. Erindi Georgs Pálssonar, stöðvarstjóra Fljótsdalsstöðvar.
5. Skýrsla stjórnar og skýrsla arðskrárnefndar.
6. Lagðir fram reikningar félagsins.
7. Skýrsla kjörnefndar um atkvæðisrétt á fundinum.
8. Umræður og atkvæðagreiðsla um skýrslu stjórnar og reikninga.
9. Fjárhagsáætlun næsta árs.
10. Kosningar:
  - a. Kosning 2ja stjórnarmanna til þriggja ára
  - b. Kosning 3ja varamanna til eins árs
  - c. Kosning 2ja skoðunarmanna og varaskoðunarmanns til eins árs.
  - d. Kosning kjörbréfanefndar. Þrír nefndarmenn og tveir til vara. Nefndin hafi það hlutverk að fara yfir atkvæði fundarmanna og umboð, á veiðifélagsfundum.
  - e. Kosning arðskrárnefndar. Fimm fulltrúar og 2 varamenn. Nefndin hafi það hlutverk að vinna að undirbúningi að gerð arðskár.
11. Önnur mál

*Formaður setti fund kl. 14.00 og bauð fundarmenn velkomna. Hann gerði tillögu um starfsmenn fundarins: Jón Guðmundsson sem fundarstjóra og Skúla Björn Gunnarsson sem ritara. Fundurinn samþykkti það. Fundarstjóri tók við stjórn fundarins og gengið var til dagskrár.*

## 1. Erindi Prastar Elliðasonar, Strengjum

Próstur fór yfir veiðitölur frá sumrinu 2014. Niðursveifla varð í veiðinni líkt og víðast annars staðar vegna lélegra heimta úr hafi. Hann fór síðan yfir veiðisvæðið frá ósum og upp úr í veiði og sleppingum og tók Fögruhlíðarána með. Heimtur á gönguseiðum í Fögruhlíðarána hafa brugðist síðustu þrjú ár þrátt fyrir að sleppingar hafi verið margfaldar á við það sem fyrst var. Kaldáin var erfið í veiði vegna mikils vatns fram á haust. Veiðin þar var minni en öll fyrri ár þrátt fyrir meiri gönguseiðasleppingu. Veiðin í Laxá var einnig minni en áður og litlar heimtur úr sleppingum en meiri silungsveiði en oft áður.

Veiðin í Jöklu hófst 10. júlí og þá var enn mikið vatn í Jöklu sem var nánast óveiðanleg til að byrja með. Nokkrir nýir veiðistaðir komu inn ofan við Steinboga og þar voru stórir fiskar úr smáseiðasleppingu að skila sér. Samt var ljóst að minna var af fiski í ánni en árið á undan. Silungsveiði var meiri en árið á undan ef Fögruhlíðará er tekin með en þar var betri bleikjuveiði í ósnum en síðustu ár.

Aldrei hefur fleiri gönguseiðum verið sleppt heldur en síðasta sumar eða 69.500 og fóru þau fyrst og fremst í tjarnirnar í Hlíðinni. 65.000 smáseiðum var sleppt og áhersla lögð á efri hlutann með þau til samræmis við rannsóknir. Alls hefur 722.800 seiðum verið sleppt á vatnasvæði Jöklu og Fögruhlíðará frá upphafi.

Próstur lauk máli sínu á að segja að hann væri bjartsýnn á veiðina á komandi sumri en hefði auðvitað áhyggjur af því að yfirfallið gæti komið snemma. Veiðileyfasalan hefði hins vegar gengið illa og samdrátturinn sem varð 2014 heldur áfram og er það áhyggjuefni, ekki hvað síst hvað varðar Íslendingana. Seiðasleppingar eru áætlaðar svipaðar í ár og á síðasta ári.

Umræður eftir erindi þratar voru um hvað gæti skýrt afföllin á seiðunum og einnig var spurt um selina á ósasvæðinu. Þróstur sagði að lítið væri um selbitna fiska í veiðinni sem benti til þess að þeir væru ekki vandamál.

## **2. Erindi Guðna Guðbergssonar, Veiðimálastofnunar**

Guðni byrjaði á að koma inn á selaumræðuna. Hann sagði að rannsóknir bentu til þess að arðrán þeirra á laxfiskum væri ekki merkjanlegt og þar að auki hefði sel fækkað við landið síðustu árin.

Hann fór síðan yfir rannsóknir Veiðimálastofnunar á veiðisvæðinu og hvað þær hefðu gefið til kynna á síðasta sumri. Gert er ráð fyrir seiðamælingum á komandi sumri en eftir er að ganga frá samningi um það sem er gerður til eins árs í senn milli stofnunarinnar, veiðifélagsins og Landsvirkjunar, sem kostar rannsóknina.

Mælistaðir eru 17 talsins og auk seiðatalningar eru nokkrir umhverfsspættir mældir eins og hitastig, sýrustig og rafleiðni. Fyrir vorið eru áhyggjur um að mengunin frá Holuhrauni leiði til þess að leysingavatn verði súrt en ekki basískt og það getur leitt til þess að ál losnar í jarðvegi sem sest á tálkn fiska og getur valdið köfnun. Reynt verður að fylgjast með sýrustigi sérstaklega þetta vorið í Jöklu.

Niðurstöður mælinga sumarið 2014 var að minna fannst af laxaseiðum úr sleppingum en seiði úr náttúrulegum hrygningum fundust á fleiri stöðum. Einnig voru skýr merki um fjölgun bleikjuseiða og að þau vaxa hraðar en laxaseiðin. Vöxtur seiðanna er mestur í Jöklu enda mest af æti þar.

Guðni fór einnig yfir almennar tölur um göngu og veiði laxa, bleikju og sjóbirtings á landinu öllu og hvað væri hægt að rannsaka.

Í lokin mælti hann með því að lögð yrði áhersla á að auka hreistursýnatöku til að fá meiri upplýsingar um veidda fiska. Einnig þyrfti að gæta vel að vinnubrögðum við sleppingar sumaralinnu seiða. Og að hugað yrði að gerð búsvæðamats í tíma þar sem um stórt svæði væri að ræða.

## **3. Erindi Guðmundar Wium, stjórnarmanns í Landssambandi veiðifélaga**

Guðmundur byrjaði á að nefna það að í Selá væri nýverið búið að bæta við 25 km í um 300 m hæð og það virtist ætla að gefa góða raun.

Hann kynnti einnig að aðalfundur Landssambands veiðifélaga yrði haldinn í Breiðdal í júní og austfirsk veiðifélög væru þar í hlutverki gestgjafa og þyrftu að taka þátt í kostnaði við þann fund og skipulag dagskrár.

Guðmundur kom inn á laxeldismálin en landssambandið hefur látið að sér kveða við að stemma stigu við því.

Hann ræddi einnig um deildaskiptingu í laxveiðiám og tók dæmi af breytingum sem hafa orðið í Selá þar sem áin var aðeins fiskgeng að fossi neðarlega þar til fyrir um 40 árum að gerður var stigi. Veiðin í ánni hefur fjórfaldast síðan þá og þannig orðið öllum til góða þó að veiðirétturinn og þar með arðurinn hafi deilst á fleiri landeigendur.

Guðmundur endaði á að brýna fyrir mönnum að laxveiðin væri ekki síst upplifun fyrir erlenda veiðimenn og því þyrfti að hafa umgengni og aðkomu í góðu lagi við árnar.

Í umræðum eftir erindi Guðmundar var rætt um deildaskiptingu, eldisfiska sem og umgengni við ár. Einnig var spurt eftir efsta stiganum í Selánni sem var gerður síðast. Guðmundur sagðist telja að það þyrfti að lágmarki tíu ár til að byggja upp ný búsvæði og varðandi eldisfiska væri nauðsynlegt muna eftir því að erlendir veiðimenn gerðu þá kröfu að fiskurinn sem þeir kæmu til að veiða væri ekki alin í kvíum heldur sem mest náttúrulegur og reynslan sýndi að eldisfiskarnir væru fljótir að koma í árnar, t.d. hefðu

eldislaxarnir sem sluppu á Norðfirði fyrir rúmum tíu árum skömmu seinna verið komnir í árnar í Vopnafirði.

#### **4. Erindi Árna Óðinssonar, Landsvirkjun**

Árni fór yfir yfirfallsmál Háslóns og hver þróun hefur orðið með manngerðan ós Lagarfljóts og Jöklu við Héraðssand.

Vatnsbúskapur Háslóns veturinn 2013-2014 var verri enn nokkru sinni áður en hann er góður núna. Hann sýndi útreikninga á því hvert meðaltalið væri varðandi yfirfall og eftirfarandi spá um hvenær áin færi á yfirfall á komandi hausti:

- líkur á yfirfalli 16. júlí 3%
- 30. júlí 11%
- 6. ágúst 44%
- 13. ágúst 65%
- 20. ágúst 78%
- 27. ágúst 87%

Árni sagði að Fljótsdalsstöð yrði keyrð mikið í sumar og ekkert dregið úr því en það væri bráðnun í jöklinum sem réði öllu um yfirfallið og því ekki hægt að stýra yfirfallinu mikið.

Árni fór síðan yfir stöðu mála við ós Jöklu og Lagarfljóts við Héraðssand. Framkvæmdirnar í mars 2014 skiluðu engu en í júní var nýi ósinn opnaður að nýju. Hann hefur víkkað og dýpkað í vetur og á myndbandi frá í febrúar sést glöggst hvernig báðar árnar fara um einn ós.

Umræður urðu eftir erindi Árna um yfirfallsmálin. Aðalsteinn formaður þakkaði Landsvirkjun veittan stuðning við rannsóknir á lífríki árinna og einnig framlag sumarvinnuflokks varðandi aðgengi og merkingar veiðistaða. Hann bað Árna um að bera ósk frá veiðifélaginu um að meiri samskipti væru við félagið um notkun á vatni úr Háslóni einnig væri fylgst vel með leka á gruggi í Hrafnkelu. Árni sagði grannt fylgst með leka úr göngunum og við stíflurnar í árnar og þær hefðu leitt í ljós að mesta gruggið síðasta sumar kom innan frá Snæfelli en ekki úr göngunum.

*Tekið var fundarhlé kl. 16 og kaffiveitingum gerð góð skil.*

*Fundi framhaldið kl. 16.18 og lagði fundarstjóri til að gerð væri sú breyting á að liður 7. af auglýstri dagskrá yrði tekin fram fyrir til að auðvelda eftirleikinn. Fundarinn samþykkti þá breytingu.*

#### **7. Skýrsla kjörbréfanefndar um atkvæðisrétt**

Þorsteinn Gústafsson, formaður kjörbréfanefndar, byrjaði á að gera grein fyrir því að Jón Jónsson lögmaður hefði verið fenginn til að fara yfir atkvæðisrétt veiðiréttarhafa. Út úr þeirri vinnu kom að vafi gæti leikið á um atkvæðisrétt á átta jörðum:

- Húsey I og II
- Hnefilsdalur I og II
- Arnórsstaðapartur
- Laugarvellir
- Eiríksstaðir
- Fossvellir I og II

Kjörbréfanefnd sendi erindi til Fiskistofu varðandi þetta mál þar sem óskað var eftir úrskurði og Fiskistofu send öll viðhlítandi gögn. Fiskistofa vísaði málinu frá sér á með þeim rökum að hún tæki ekki afstöðu til svo flókinna og umfangsmikilla mála.

Þorsteinn sagðist telja vafa leika á því hvort að veiðifélagið ætti að leggja í vinnu við að fá skorið úr álitamálum um atkvæðisrétt en möguleiki væri fyrir landeigendur að kæra til Fiskistofu.

Þorsteinn greindi frá því að á þessu aðalfundi gildi því sú atkvæðaskrá sem að hefði gilt síðustu ár. Mættir á þennan aðalfund voru 28 manns með gestum og atkvæði teljast 35 að meðtöldum skriflegum umboðum sem borist hafa kjörbréfanefnd.

Skrifleg umboð sem kjörbréfanefnd hafa borist eru sem hér segir:

|                        |                                                 |         |
|------------------------|-------------------------------------------------|---------|
| Skúli Björn Gunnarsson | umboð frá landeigandi Litlabakka                | 1 atkv. |
| Aðalsteinn Jónsson     | umboð frá eiganda Klaustursels                  | 1 atkv. |
| Jón Helgason           | umboð frá eigendum Skeggjastaða og Refshöfða    | 2 atkv. |
| Þórarinn Hrafnkelsson  | umboð frá eigendum Teigasels (I og II)          | 1 atkv. |
| Jón Rúnar Ársælsson    | umboð frá eigendum Gilja og Hrúthamra           | 2 atkv. |
| Jón Rúnar Ársælsson    | umboð frá eigendum Sleðbrjóts I og II           | 2 atkv. |
| Jón Rúnar Ársælsson    | umboð frá eigendum Breiðumerkur I og II         | 2 atkv. |
| Bragi S. Björgvinsson  | umboð frá eiganda Hákonarstaða I og III         | 2 atkv. |
| Bragi S. Björgvinsson  | umboð frá eiganda Langagerðis og Arnórsstaðasel | 2 atkv. |
| Grétar Karlsson        | umboð frá meðeigendum Grundar                   | 1 atkv. |
| Guðmundur Ólason       | umboð frá eiganda Hrólfsstaða                   | 1 atkv. |
| Stefán H. Jónsson      | umboð frá eiganda Hnefilsdals I og II           | 2 atkv. |
| Vilhjálmur Snædal      | umboð frá meðeiganda Skjöldólfsstaða I          | 1 atkv. |

## 5. Skýrsla stjórnar og skýrsla arðskrárnefndar

Aðalsteinn formaður flutti skýrslu stjórnar og fór yfir það helsta sem veiðifélagið hefur staðið fyrir á árinu. Stjórn hefur fundað sjö sinnum frá síðasta aðalfundi. Skýrsla stjórnar fylgir með þessari fundargerð.

Þorsteinn Gústafsson, formaður arðskrárnefndar, gerði grein fyrir vinnu nefndarinnar á liðnu starfsári. Hann fór yfir þau lög og reglugerðir sem um störf arðskrárnefndar gilda og þær forsendur sem þarf að taka mið af við gerð arðskrár.

Bakkamælingar Jökulsár hafa verið unnar af Rannsóknamiðstöð landbúnaðarins út frá fallbótamælingu Landsvirkjunar. Mæling hliðaráa hefur verið mæld af arðskrárnefnd sjálfri með aðstoð björgunarsveitarinnar Jökuls. Þessar mælingar allar hafa síðan verið unnar inn á kortagrunn af verkfræðistofunni Mannvit.

Þorsteinn sýndi dæmi um það hvernig þessar mælingar hafa verið færðar inn á kort. Hann fór yfir þær forsendur sem nefndin er að vinna með varðandi vægi ráðandi þátta í arðskrá:

Veiði hafi vægið 50 (lax 40 og silungur 10)

Bakkalengd hafi vægið 30

Uppeldisskilyrði hafi vægið 20

Samtals geri þetta 100 stig eða 10.000 einingar sem endanlega verði skipt á jarðirnar. Arðskrárnefnd telur að ekki verði hægt að taka uppeldisskilyrði inn í fyrstu gerð arðskrár þar sem mat á búsvæðum liggi ekki fyrir og sé umfangsmikið.

Þar sem vatnsmagn er einn af þeim þáttum sem horfa þarf til telur arðskrárnefnd að skipta þurfi ánni upp í þrjú svæði með mismunandi vægi:

Jökla að Gilsá hafi stuðul 1,0

Jökla frá Gilsá að Hrafnkelu hafi stuðul 0,7

Jökla ofan Hrafnkelu hafi stuðul 0,5

Þá verði búnir til 5 flokkar fyrir þverárnar eftir vatnsmagni:

0-0,125  
0,125-0,25  
0,25-0,5  
0,5-0,75  
0,75-1,0

Alls verði þannig 8000 einingar fyrir veiðisvæðið í fyrstu arðskrá sem byggir þá á veiði og bakkalengd. Þorsteinn sýndi dæmi um útreikning fyrir tvær ímyndaðar jarðir út frá þessum forsendum.

## 6. Reikningar félagsins

Þórarinn Hrafnkelsson gjaldkeri gerði grein fyrir ársreikningi félagsins fyrir árið 2014. Helstu niðurstöðurtölur eru þessar:

|                        |                      |
|------------------------|----------------------|
| Rekstrartekjur         | 2.510.295 kr.        |
| Rekstrargjöld          | 536.654 kr.          |
| <u>Fjármagnsliðir</u>  | <u>30.530 kr.</u>    |
| <b>Hagnaður ársins</b> | <b>2.004.171 kr.</b> |

Eigið fé í árslok 5.940.251 kr.

## 8. Umræður og atkvæðagreiðsla um skýrslu stjórnar og reikninga

Arnór Benediktsson tók til máls og spurði eftir uppgjörum frá deildum við Kaldá og Laxá. Aðalsteinn sagði sjálfstæðar deildir við þessar ár og lögum samkvæmt bæri þeim deildum að skila skýrslu til móðurfélagsins. Stjórn hefði hins vegar ekki gengið hart eftir því en þetta væri eitt af því sem koma þyrfti til betri vegar.

Aðrir sem tóku til máls undir þessum lið voru Agnar Benediktsson, Guðmundur Ólason, Skúli Björn Gunnarsson og Vilhjálmur Snædal.

Fundarstjóri bar upp skýrslurnar og ársreikninginn til afgreiðslu.

Skýrsla stjórnar samþykkt samhljóða.

Skýrsla arðskrárnefndar samþykkt samhljóða.

Ársreikningur samþykktur samhljóða.

Aðalsteinn tók til máls vegna þessarar afgreiðslu og spurði hvort ekki bæri að líta svo á að með þessu væri verið að fela arðskrárnefnd að vinna áfram á sömu nótum.

Fundarstjóri vísaði frekari umræðu um það undir önnur mál ef menn teldu þörf á henni.

## 9. Fjárhagsáætlun næsta árs

Skúli Björn gerði grein fyrir fjárhagsáætlun fyrir árið 2015. Ekki er gert ráð fyrir miklum umsvifum en þó verði haldið áfram að vinna í kortagerð, stígagerð og merkingu veiðistaða. Vegna vatnavaxta tókst ekki að nýta styrk úr Fiskræktarsjóði upp á 600 þús. á síðasta ári en það tekst vonandi á þessu ári, m.a. til að kanna og undirbúa niðursetningu teljara við Steinboga.

Helstu tölur úr fjárhagsáætlun eru:

|                     |                  |
|---------------------|------------------|
| Tekjur              | 2.200.000        |
| Gjöld               | 3.200.000        |
| <b>Halli ársins</b> | <b>1.000.000</b> |

Handbært fé í árslok kr. 4.940.251

Fjárhagsáætlun samþykkt samhljóða.

## **10. Kosningar:**

### **a. Kosning 2ja stjórnarmanna til 3ja ára**

Þórarinn Hrafnkelsson og Bragi S. Björgvinsson hafa lokið 3ja ára stjórnarsetu en gefa kost á sér áfram. Enginn bauð sig fram á móti þeim til stjórnarsetu og voru þeir sjálfkjörnir til 3ja ára stjórnarsetu.

### **b. Kosning 3ja varamanna til eins árs**

Benedikt Ólason, Benedikt Arnórsson, Þorvaldur Pálsson voru kosnir á síðasta aðalfundi og gefa þeir kost á sér áfram. Einnig var stungið upp á Gesti Hallgrímssyni sem varamanni. Gengið var til leynilegra kosninga.

Atkvæði féllu þannig:

|                        |    |
|------------------------|----|
| Gestur Hallgrímsson    | 29 |
| Benedikt Arnórsson     | 20 |
| Benedikt Ólason        | 19 |
| Þorvaldur Pálsson      | 13 |
| Hallgrímur Þórhallsson | 2  |
| Örn Þorleifsson        | 2  |
| Lilja Ólason           | 1  |
| Guðmundur Ólason       | 1  |
| Jónas Guðmundsson      | 1  |

Auðir seðlar 1

Ógildir seðlar 1

Gestur Hallgrímsson er þar með 1. varamaður, Benedikt Arnórsson 2. varamaður og Benedikt Ólason 3. varamaður.

### **c. Kosning 2ja skoðunarmanna og varaskoðunarmanns til eins árs**

Arnór Benediktsson og Jón Helgason kjörnir aðalskoðunarmenn. Snæbjörn Ólason til vara.

### **d. Kosning kjörbréfanefndar. Þrír aðalmenn og tveir til vara.**

Í kjörbréfanefnd voru kosnir áfram: Hlíðar Eiríksson, Benedikt Ólason og Þorsteinn Gústafsson. Engir varamenn kosnir.

### **e. Kosning arðskrárnefndar. Fimm fulltrúar og tveir til vara.**

Í arðskrárnefnd voru kosnir áfram: Þorvaldur Pálsson, Lárus Dvalinsson, Gestur Hallgrímsson, Hallgrímur Þórhallsson og Þorsteinn Gústafsson. Ekki kosnir varamenn.

## 11. Önnur mál

Vilhjálmur Snædal tók til máls og lýsti þeirri skoðun sinni að hann teldi ekki tímabært að setja arðskrá fyrir félagið þar sem lítil reynsla væri komin á veiði og annað. Hann nefndi einnig teljarann við Steinboga og sagðist reiðubúinn að leggja sína vinnu í að smíða kringum hann ef þyrfti.

Þorsteinn Gústafsson sagði að í lögum og reglugerðum kæmi fram að arðskrá ætti að gilda í 8 ár ef að um sé að ræða arðskrá unna af matsnefnd. Það þurfi hins vegar ekki að eiga við um arðskrá sem samþykkt er af félagsmönnum sjálfum. Til dæmis mætti hugsa sér að slík arðskrá gildi í 5 ár þar til meiri reynsla og þekking væri komin.

Aðalsteinn Jónsson ræddi arðskrármálin og benti fundarmönnum á að arðskrár væru ekki bara settar varðandi útdeilingu tekna heldur einnig gjalda. Þess vegna væri mikilvægt að hafa arðskrá sem segði til um hvað hver jörð ætti hlutfallslega í ánni enda væri veiðifélögum ætlað að setja sér arðskrá.

Pröstur Elliðason tók til máls og rifjaði upp að veiðifélagið við Rangárnar hefði gert sjálft fyrsta matið og hefði það gilt tímabundið en síðan hafi allt farið í yfirmat 12-15 árum eftir að ævintýrið þar hófst. Varðandi teljara sagði Pröstur að rennslið í rennunni við Steinboga væri miklu meira heldur en í venjulegum laxastiga og þess vegna þyrfti að skoða vel hvernig að slíkum framkvæmdum væri staðið. Hann brýndi einnig fyrir landeigendum að menn huguðu að því að taka til á árbakkanum hjá sér því að það gæti skipt sköpum fyrir aðsókn erlendra veiðimanna.

Fleira var ekki rætt og fundarstjóri þakkaði fyrir sig. Aðalsteinn formaður þakkaði fundarstjóra fyrir góð störf. Hann leitaði síðan samþykkis fundarins fyrir að fundarstjóri og fundarritari gengu frá fundargerðinni. Var það veitt.

*Fundi slitið kl. 18.00.*

---

Jón Guðmundsson fundarstjóri

---

Skúli Björn Gunnarsson fundarritari

### Fylgigögn fundargerðar:

1. Skrá yfir atkvæði veiðiréttarhafa á aðalfundinum.
2. Skýrsla stjórnar

**Skrá yfir atkvæði í Veiðifélagi Jökulsár á Dal á aðalfundi 11. apríl 2015**

|                        |                                                     |                              |
|------------------------|-----------------------------------------------------|------------------------------|
| 1. Blöndugerði         | <i>Ábúandi</i>                                      |                              |
| 2. Blöndubakki         | <i>Ábúandi</i>                                      | Gestur Hallgrímsson          |
| 3. Stóribakki          | <i>Landeigandi</i>                                  |                              |
| 4. Árbakki             | <i>Landeigandi</i>                                  |                              |
| 5. Litli Bakki         | <i>Landeigandi</i>                                  | Skúli Björn Gunnarsson umboð |
| 6. Hrærekslækur        | <i>Landeigandi</i>                                  |                              |
| 7. Galtastaðir ytri    | <i>Samningur eig.</i>                               |                              |
| 8. Geirastaðir II      | <i>Landeigandi</i>                                  | Þorsteinn Gústafsson         |
| 9. Húsey I             | <i>Ábúandi</i>                                      |                              |
| 10. Húsey II           | <i>Ábúandi</i>                                      |                              |
| 11. Valþjófsstaðir     | <i>Ábúandi</i>                                      |                              |
| 12. Aðalból            | <i>2 ábúendur fara með eitt atkvæði (Samningur)</i> |                              |
| 13. Vaðbrekka          | <i>Landeigandi</i>                                  |                              |
| 14. Skriðuklaustur     | <i>Ábúandi</i>                                      | Hallgrímur Þórhallsson       |
| 15. Klaustursel        | <i>Landeigandi</i>                                  | Aðalsteinn Jónsson umboð     |
| 16. Arnarhóll          | <i>Ábúandi</i>                                      | Lilja Óladóttir              |
| 17. Merki              | <i>Ábúandi</i>                                      | Stefán Ólason                |
| 18. Arnórsstaðapartur  | <i>Landeigandi</i>                                  | Stefán Ólason                |
| 19. Gauksstaðir        | <i>Landeigandi</i>                                  | Benedikt Ólason              |
| 20. Mælivellir         | <i>Samningur eig.</i>                               | Sigurður H. Jónsson          |
| 21. Skuggahlíð         | <i>Landeigandi</i>                                  | Sigurður H. Jónsson          |
| 22. Hnefilsdalur       | <i>Landeigandi</i>                                  | Stefán Jónsson umboð         |
| 23. Hnefilsdalur II    | <i>Landeigandi</i>                                  | Stefán Jónsson umboð         |
| 24. Smáragrund         | <i>Landeigandi</i>                                  |                              |
| 25. Skeggjastaðir      | <i>Samningur 3 eig.</i>                             | Jón Helgason umboð           |
| 26. Refshöfði          | <i>Landeigandi</i>                                  | Jón Helgason umboð           |
| 27. Teigasel           | <i>Teigasel I og II</i>                             | Þórarinn Hrafnkelsson umboð  |
| 28. Gil                | <i>Landeigandi</i>                                  | Jón Rúnar Ársælsson umboð    |
| 29. Hróthamrar         | <i>Landeigandi</i>                                  | Jón Rúnar Ársælsson umboð    |
| 30. Hauksstaðir        | <i>Landeigandi</i>                                  | Snæbjörn Ólason              |
| 31. Hrófsstaðir        | <i>Samningur eig.</i>                               | Guðmundur Ólason umboð       |
| 32. Hvanná             | <i>Landeigandi</i>                                  |                              |
| 33. Hvanná II          | <i>Ábúandi</i>                                      | Agnar Benediktsson           |
| 34. Hvanná III         | <i>Landeigandi</i>                                  |                              |
| 35. Hofteigur          | <i>Ábúandi</i>                                      | Benedikt Agnarsson           |
| 36. Hjarðargrund       | <i>Landeigandi</i>                                  |                              |
| 37. Hjarðarhagi        | <i>Landeigandi</i>                                  |                              |
| 38. Skjöldófsstaðir I  | <i>Samningur 2 eig.</i>                             | Vilhjálmur Snædal umboð      |
| 39. Skjöldófsstaðir II | <i>Landeigandi</i>                                  |                              |
| 40. Gilsá              | <i>Landeigandi</i>                                  | Eiríkur Skjaldarson          |
| 41. Arnórsstaðir       | <i>Landeigandi</i>                                  |                              |
| 42. Arnórsstaðasel     | <i>Landeigandi</i>                                  | Bragi S. Björgvinsson umboð  |
| 43. Langagerði         | <i>Landeigandi</i>                                  | Bragi S. Björgvinsson umboð  |
| 44. Hákonarstaðir I    | <i>Landeigandi</i>                                  | Bragi S. Björgvinsson umboð  |
| 45. Hákonarstaðir II   | <i>Landeigandi</i>                                  |                              |
| 46. Hákonarstaðir III  | <i>Landeigandi</i>                                  | Bragi S. Björgvinsson umboð  |
| 47. Breiðilækur        | <i>Landeigandi</i>                                  |                              |
| 48. Grund              | <i>Samningur 3 eig.</i>                             | Grétar Karlsson umboð        |
| 49. Eiríksstaðir       | <i>Ábúandi</i>                                      | Bragi S. Björgvinsson        |

|                            |                                                 |                           |
|----------------------------|-------------------------------------------------|---------------------------|
| 50. Brú                    | <i>Samningur eigenda/ábúanda Brúar I og III</i> |                           |
| 51. Laugavellir            | <i>Samningur 4 landeigenda</i>                  |                           |
| 52. Eyjasel                | <i>Landeigandi</i>                              |                           |
| 53. Hólmátunga             | <i>Landeigandi</i>                              |                           |
| 54. Torfastaðir            | <i>Landeigandi</i>                              |                           |
| 55. Árteigur               | <i>Landeigandi</i>                              |                           |
| 56. Hnitbjörg              | <i>Landeigandi</i>                              |                           |
| 57. Hlíðargarður/Bláareyri | <i>Landeigandi</i>                              |                           |
| 58. Hlíðarhús              | <i>Ábúandi</i>                                  |                           |
| 59. Sleðbrjótssel          | <i>Samningur eig.</i>                           |                           |
| 60. Másel                  | <i>Landeigandi</i>                              |                           |
| 61. Sleðbrjótur I          | <i>Landeigandi</i>                              | Jón Rúnar Ársælsson umboð |
| 62. Sleðbrjótur II         | <i>Landeigandi</i>                              | Jón Rúnar Ársælsson umboð |
| 63. Breiðamörk I           | <i>Landeigandi</i>                              | Jón Rúnar Ársælsson umboð |
| 64. Breiðamörk II          | <i>Landeigandi</i>                              | Jón Rúnar Ársælsson umboð |
| 65. Surtstaðir             | <i>Landeigandi</i>                              |                           |
| 66. Hallgeirsstaðir        | <i>Samningur 2 eig.</i>                         |                           |
| 67. Vörðubrún              | <i>Landeigandi</i>                              | Lárus B. Dvalinsson       |
| 68. Hrafnabjörg I          | <i>Landeigandi</i>                              |                           |
| 69. Hrafnabjörg II         | <i>Landeigandi</i>                              |                           |
| 70. Hrafnabjörg III        | <i>Landeigandi</i>                              |                           |
| 71. Hrafnabjörg IV         | <i>Landeigandi</i>                              |                           |
| 72. Fossvellir I           | <i>Ábúandi</i>                                  |                           |
| 73. Fossvellir II          | <i>Landeigandi</i>                              |                           |
| 74. Selland                | <i>Landeigandi</i>                              |                           |

## Fylgiskjal 2

### **Skýrsla stjórnar Veiðfélags Jökulsár á Dal til aðalfundar árið 2015**

Alls hélt stjórn sjö stjórnarfundir á starfsárinu. Stjórn skipti með sér verkum á fyrsta stjórnarfundinum eftir aðalfund. Þannig að Skúli Björn var kjörinn ritari, Þórarinn gjaldkeri og Vilhjálmur og Bragi meðstjórnendur.

#### **Helstu mál frá síðasta aðalfundi:**

##### **Örnefni og merking veiðistaða**

Leitað var til Árnastofnunar eftir gögnum um örnefnaskráningu og hvað væri til af loftmyndum af svæði meðfram ánni. Ekki var þar um að ræða aðgengileg gögn til að vinna með. Þó eru til örnefnaskrá sem færa þarf inná kort af staðkunnugum. Unglingaflokkur á vegum Landsvirkjunar fékkst í tvær vikur til merkingar göngustíga og veiðistaða. Einnig vann Haukur Guðmundsson við að merkja inn á kort með hnitsetningu slóðir og veiðistaði með það að markmiði að hægt sé að nota snjallsíma til að auðvelda veiðimönnum að ferðast um veiðisvæðið. Byrjaði hann við Fögruhlíðará og Kaldá, síðan áfram meðfram Jökulsá og var hann búinn með ysta hluta árinna. Verður því verkefni fram haldið þegar sól hækkar á lofti. Kostnaður við verkefnið deilist milli leigutaka árinna og veiðifélagsins.

##### **Landbrot við Skeggjastaði**

Rætt var á síðasta aðalfundi að stjórn beitti sér fyrir fyrirhleðslu vegna landbrots við Skeggjastaði sem aukist hefur síðustu ár. Stjórn telur þetta utan við verksvið veiðifélagsins, en mun ekki leggja gegn fyrirhleðslum við Skeggjastaði fáist fjármagn til þess.

##### **Eyðing vargs**

Ályktað var um eyðingu vargs við Jökulsá og hliðarár og erindi sent sveitarfélaginu, þar var fjallað um erindið á nokkrum nefndarfundum. Mættu formaður og gjaldkeri á fund hjá Umhverfis- og héraðsnefnd til að fylgja málinu eftir. Það var síðan á stjórnarfundinum 15. mars 2015 sem niðurstaða bæjarstjórnar Fljótshálfarar var kynnt og gerð eftirfarandi bókun: „Minkaveiðar. Skúli Björn gerði grein fyrir því að Fljótshálfara hefði komið með þá tillögu að sveitarfélagið sæi um mann til að vitja um gildir ef að veiðifélagið ætti gildirnar og kæmi þeim fyrir. Þórarinn tók að sér að ræða við Boða Stefánsson um hvaða leiðir séu færar varðandi löglegar gildir.“ Boði sinnti minkaleit við ána síðasta sumar án þess að finna greni. Kjartan Sigurðsson landpóstur hefur sinnt minkaveiðum undanfarna vetur með gildrum sem hann hefur fjárfest í. Alls hafa veiðst 13 minkar það sem af er þessum vetri. Mest hafa veiðst 37 minkar við ána á einum vetri í slíkar gildir.

##### **Seiðasleppingar**

Erindi barst frá Strengjum vegna seiðasleppinga. Þess efnis að auka hlutfall smáseiða á Jökuldal og gönguseiða í Jökulsárhlíð. Ástæðan er að í skýrslu Veiðimálastofnunar hafi komið skýrt fram að smáseiðin virtust dafna vel í Jöklu. Í staðinn fyrir að sleppa gönguseiðum í tjarnir við Hvanná og Hneflu teldi leigutaki vænlegra að sleppa smáseiðum, allt að 50 þúsund stykkjum á ári víðar uppi á Jökuldal líkt og verið hefur gert allt frá árinu 2007. En að sama skapi beina öllum þunga á sleppingu gönguseiða í

tjarnirnar í þveránum í Hlíðinni til að bæta veiði þar þegar yfirfallið er komið á. Þessi ráðstöfun myndi gilda einnig fyrir árið 2015. Leitað var ráða Guðna Guðbergssonar fiskifræðings sem taldi þetta eðlilegt í ljósi þeirra rannsókna sem gerðar hafa verið. Féllst stjórnin á þetta erindi Strengja. Lögð var áhersla á tvennt samfara samþykkinu. Annars vegar að aukin yrði taka hreistursýna eins og kostur væri, líka af fiski sem sleppt væri. Hins vegar að efri hluti Jöklu yrði fullkannaður á komandi sumri. Það er hvort einhverjir hlutar væru ófiskgengir. Alls var sleppt um 60 þúsund gönguseiðum og 70 þúsund smáseiðum sumarið 2014.

### **Arðskrá**

Arðskrárnefnd hefur verið að störfum og hefur formaður nefndarinnar setið tvo síðustu stjórnarfundir þar sem vinna nefndarinnar hefur verið kynnt ítarlega. Gerir arðskrárnefndin grein fyrir störfum sínum undir sérstökum dagskrárlið á þessum aðalfundi.

### **Vöktun árinna**

Samkomulag milli Veiðimálastofnunar, Veiðfélagsins og Landsvirkjunar er í gangi. Þar er gengið út frá að Landsvirkjun greiði rannsóknir unnar af Veiðimálastofnun þar sem lífríki árinna er rannsakað árlega í fimm ár og skýrslu skilað til allra samkomulagsaðila árlega. Mun Guðni Guðbergsson kynna helstu niðurstöður rannsókna síðasta árs á aðalfundinum.

### **Teljari við Steinboga**

Á dagskrá hefur verið að koma fyrir laxateljara í rásinni við Steinbogann. Síðastliðið sumar var áin svo vatnsmikil langt fram á sumar að ekki var fært að vinna að uppsetningu teljara.

### **Fréttabréf**

Fréttabréf var gefið út í júlí og var það sent öllum veiðiréttarhöfum árinna. Tekið var saman efni um helstu verkefni félagsins, fjárhag og rekstur. Skúli Björn ritstýrði bréfinu sem vonandi hefur gefið félögum innsýn í hvað veiðifélagið er að starfa.

### **Aðalfundur Landssamtaka veiðifélaga á Vog**

Bragi Björgvinsson og Aðalsteinn Jónsson mættu fyrir hönd félagsins á aðalfund Landssamtaka veiðifélaga sem haldinn var á Fellsströnd í Dalasýslu. Þar urðu skipti á stjórnarmanni af Austurlandi. Bragi Vagnsson sem setið hefur í stjórninni í 22 ár gaf ekki kost á sér til endurkjörs, í hans stað var kjörinn Guðmundur W Stefánsson. Næsti aðalfundur Landssamtakanna verður haldinn á Breiðdalsvík nú í júní. Þurfa félögin hér austan lands að sjá um fundinn. Koma einhver verkefni þar í hlut okkar félags.

### **Orðaskak í fjölmiðlum**

Á fundi stjórnar 29. júní var rætt um umræður í fjölmiðlum um málefni tengd veiðifélaginu. Eftirfarandi bókað. „Meirihluti stjórnar á því að vinna verði að sátt um framtíðarsýn fyrir allt veiðisvæði Jöklu og frekari þrætur um framkvæmdir og gjörðir á liðnum árum séu veiðifélaginu ekki til framdráttar.“

### **Mengun**

Stjórn veiðifélagsins hefur lýst áhyggjum sínum af mengun frá gosstöðvunum í Holuhrauni sem geti haft áhrif á á uppeldisskilyrði fiska í Jöklu. Þess er vænst að mælar verði í ánni til að mæla sýrustig árinna þegar vorleysingar hefjast.

### **Samráðsnefnd veiðifélaga Jökulsár og Lagarfljóts**

Fundur var haldinn í samráðsnefnd í lok september. Á hann mættu fyrir Veiðifélag Jöklu: Aðalsteinn, Skúli Björn og Þórarinn. Á fundinum fóru fulltrúar veiðifélaganna yfir starfsemi liðinna ára. Ályktað var um framkvæmdir við ós Lagarfljóts. Sigmar Ingason hætti sem formaður og í hans stað var Þorsteinn Gústafsson kjörinn formaður.

### **Að lokum**

Fleiri mál en hér eru upp talin hafa ratað á borð stjórnar. Veiðifélag Jökulsár á Dal er aðeins að slíta sínum fyrstu barnsskóm. Vonandi tekst að vinna í félaginu svo að sátt ríki. Vil ég að lokum þakka meðstjórnarmönnum, félögum sem og öðrum sem komið hafa að málefnum Veiðifélags Jökulsár á Dal síðasta starfsárið fyrir samstarf og þolinmæði.

*Aðalsteinn Jónsson*